



7. AÐALFUNDUR FÉLAGS GRUNNSKÓLAKENNARA 17.-18. maí 2018

TILLAGA UM ENDURSKOÐUN Á MENNTUNARKAFLA KJARASAMNINGS

Sjöundi aðalfundur Félags grunnskólakennara haldinn 17. - 18. maí 2018 hvetur samninganefnd FG til að beita sér fyrir því að samið verði um breytingar á menntunarkafla kjarasamningsins, „Viðbótarflokkar vegna prófa og leyfisbréfa“, þar sem hann er orðinn úreldur í kjölfar lengingar kennaranáms og viðbótarnám er lítils metið.

Brýnt er að breyting á menntunarkafla kjarasamningsins eigi sér stað sem fyrst í ljósi áherslna á ævilanga menntun. Starfsþróun er talin draga úr líkum á kulnun í starfi og því er mikilvægt að í menntunarkaflanum sé innbyggt hvatningarkerfi.